




## Samningur um námsmat

NAFN NEMANDA: \_\_\_\_\_

**Annareinkunn gildir 100%. Verkefni gilda 80% en verkefnavinna og ástundun gildir 20%.**

Hver og einn nemandi velur að hluta til sjálfur. Hver nemandi þarf að klára a.m.k. 8 verkefni sem metin verða til einkunnna. Verkefni sem eru sérmerkt með  eru skylduverkefni (skylda er að skila öllum þessum verkefnum til þess að ná áfanganum). Nánari verkefnalýsing kemur síðar. Ekkert verkefni má gilda minna en 5% eða meira en 15%. Verkefnið Mismunandi menningarheimar er hópverkefni þar sem unnið er í 3 manna hópum (dregið er í hópa).

Í áfanganum eru unnin mörg minni verkefni í tengslum við hverja grein stjórnunnar. Allir þurfa að taka þátt og klára þau verkefni. Þau gilda 20%.



**Mikilvægt** er að fylgjast sjálfur með hvenær á að skila og hverju þið ætlið að skila. Í öllum verkefnum er mikilvægt að vanda orðalag, uppsetningu og heimildanotkun.

Verkefni eru:



### 1. Verkefni í persónuþróun

Hver og einn á að skrifa um sjálfan sig, sína styrkleika og veikleika, langtíma- og skammtíma markmið. Hvað ertu að gera í dag? Af hverju ertu á þeim stað sem þú ert í dag? Áhugamál.



### 2. Ferilskrá, atvinnuumsókn og starfsmannaviðtal

Nemendur búa til ferilskrá, starfsumsókn ásamt því að mæta í starfsmannaviðtal hjá kennara. Mikilvægt að undirbúa sig fyrir starfsmannaviðtalið.

### 3. Kynning á verkefnastjórnun

Nemendur kynna sér verkefnastjórnun og setja upp kynningu með helstu atriðum tengdri verkefnastjórnun. Auk þess þarf að kynna verkefnastjórnunarforrit sem notuð verða í kennslustundum.

### 4. Kvikmynd/þættir

Sýnd verður kvikmynd/þættir sem tengist stjórnun og nemendur verða að tengja atburðarrásina við námsefni áfangans. Mikilvægt að vitna í heimildir. Skrifa þarf a.m.k. 600 orð.

### 5. Hvað er stjórnun?



Nemendur hafa val um það hvort þeir skrifa um helstu fræðimenn stjórnunnar eða í hvaða greinar stjórnun skiptis. Uppbygging verkefnisins er hefðbundið, inngangur, meginmál og lokaorð. Verkefnið er 2-4 A4 bls. Mikilvægt að vitna í heimildir samkvæmt APA kerfinu.

#### **6. Að skipuleggja kennslustund með aðstoð kennara**

Tveir og tveir saman vinna að skipulaggingu kennslustundar þar sem kynnt verður ein grein stjórnunar.

#### **7. Ígrundun**

Markmið: Að nemendur skoði eina grein stjórnunar, hvert markmiðið er? Hægt er að tengja hlutverk stjórnandans í fyrirtækinu inni. Ígrundunin þarf að vera 600 orð.

#### **8. Stjórnandinn**

Markmið: Að nemendur skoði stjórnendur bæði innlenda og erlenda dæmi um stjórnendur Steve Jobs, Alex Fergusson. Hvað er það sem einkennir þá, eru þeir góðir stjórnendur? Verkefnið á að vera 2-4 A4 bls. Mikilvægt að vitna í heimildir samkvæmt APA kerfinu.

#### **9. Fara í heimsókn í fyrirtæki og/eða taka viðtal við stjórnanda**

Markmið: Að nemendur fari í heimsókn í fyrirtæki og þjálfist í að taka viðtal. Nemendur útbúa spurningalista og sýna kennara áður en viðtalið er tekið. Skrá niður niðurstöður og tengja þær við námsefni áfangans. Skila a.m.k. 1000 orða ritgerð (umfjöllun/úrdrætti). Einnig er hægt að gera hlaðvarp þar sem tekið er viðtal við stjórnanda.

#### **10. Hver er umræðan í dag á fréttamiðlum?**

Hvað er verið að skrifa um stjórnun. Hver nemandi þarf að finna fjórar fréttir/greinar sem tengjast efni áfangans. Hvaða grein stjórnunnar er mest áberandi? Mikilvægt er að skoða alla þá miðla sem eru í boði í dag t.d. Facebook, blogg, fréttamiðla, Twitter o.fl. Skrifa þarf um greinina, fréttina og koma með ykkar álit. Eruð þið með eða á móti umræðunni? Skrifa þarf a.m.k. 600 orð.

#### **11. Heimasíða**

Markmið: Að nemendur kynni sér undirgreinar stjórnunnar og geri grein fyrir þeim á heimasíðunni. Lýsa þarf undirgreinum stjórnunar.

#### **12. Verkefni að eigin vali**

Markmið: Að nemendur fái frjálsar hendur með hvað er gert. Nemandinn þarf að sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum og leyfa ímyndunaraflinu að ráða. Gerið eitthvað skemmtilegt, eitthvað nýtt. Efni verkefnisins þarf að tengjast áfanganum.

#### **13. Skipurit fyrirtækja**



Markmið: Að nemendur kynni sér eitt fyrirtæki og skipurit þess. Auk þess þarf að skoða skipurit samkeppnisaðila og skoða hvort að skipuritin séu öll eins? Hver er munurinn? Af hverju er munur? Nemendur mega velja hvernig þeir setja upp verkefnið. Mikilvægt að vera í samráði við kennara.

#### 14. Heimapróf

Markmið: Prófað verður úr efni áfangans. Nemendur hafa ákveðin tíma til þess að taka prófið. Öll gögn leyfð.



#### 15. Mismunandi menningarheimar

Markmið: Hópverkefni. Hver hópur kynni mismunandi menningarheima. Hóparnir fá úthlutað efni frá kennara (náms efni + nemendur þurfa að nota internetið til öflunnar upplýsinga). Hópurinn þarf að skila verkefninu frá sér sem veggspjald (útbúið í tölvu), sem kynningu (a.m.k. 15 glærur, myndir og myndbönd) eða sem kynningarbækling.

#### 16. Kynning á bók/grein/kvikmynd/þáttum á sviði stjórnunar

Markmið: Bókin/greinin (ritrýnd)/kvikmynd þarf að tengjast stjórnun og nemendur kynna sér efni hennar og halda kynningu. Kynningin þarf að vera a.m.k. 10 glærur. Lengd kynningar 8 mínútur + búa til umræðuhópa.

#### 17. Tímaritgerð/verkefni

Markmið: Að nemendur öðlist þjálfun í að skrifa undir pressu um málefni sem þau hafa undirbúið áður. Ritgerðarefni kemur kennari með tveimur dögum fyrir tímaritgerð.

#### 18. "Verkefnin mín"

1. Markmið: Að nemendur skoða verkefni sín og skili inn þremur verkefnum sem nemandinn telur sýna sína frammistöðu í áfanganum. **Mikilvægt** að færa rök fyrir því af hverju þessi verkefni voru valin t.d. með því að segja Ég lærði...þetta verkefni var áhugavert vegna...Verkefnin eru eftirfarandi:
2. Nemandi skilar inn tveimur verkefnum sem hann telur vera sín bestu verkefni og færa rök fyrir því hvað er/var gott í verkefnunum.
3. Nemandi skilar inn einu verkefni þar sem viðkomandi hefur leiðrétt og lagað athugasemdir eftir kennara. Mikilvægt að hafa athugasemdirnar inni.

#### 19. Vinnubók



Markmið: Að nemendur skili öllum þeim verkefnum sem þeir hafa unnið í áfanganum. Mikilvægt að skila líka þeim verkefnum sem þið hafið skilað áður. Nemendur þurfa að skrifa inngang að vinnubókinni þar sem þeir meta áfangann, var áfanginn eins og þið bjuggust við (kostir/gallar). Hvað var áhugavert og hvað kom ykkur á óvart. Hefur viðkomandi nemandi bætt við styrkleika sína eða veikleika? Þetta þarf að vera a.m.k. 500 orð.

### Skil verkefna

Öllum verkefnum skal skila á tilgreindum dögum (sjá nánar á INNU). Verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. **EKKI verður tekið við verkefnum eftir að skilafresti lýkur og ekki verður tekið við verkefnum sem skilað er í tölvupósti.**

Vinnusemi og ástundun verður metin í öllum verkefnum.

Frammistaða nemenda verður metin á miðri önn (miðannarmat). Ritstuldur er með öllu óheimill. *Mjög mikilvægt er að hafa alla heimildaskráningu samkvæmt APA kerfi.*

### Lok áfanga

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá að lámarki 5 í lokaeinkunn og að hafa **skila öllum skylduverkefnum áfangans.**

---

Staður og dagsetning

---

Undirskrift nemanda

---

Undirskrift kennara